

Aðalfundur
Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. fyrir árið 2010

Fundurinn var haldinn að Skógarbraut 946, í Reykjanesbæ, þann 22. júní 2010 og hófst kl. 12:00. Mættir eru: Hafsteinn S. Hafsteinsson lögfræðingur fyrir hönd hlutahafa, Kjartan Þ. Eiríksson, framkvæmdastjóri, Anna Steinunn Jónasdóttir og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Þar sem hluthafi er einn voru eftirfarandi ákvarðanir teknar skv. 59. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 og eru þær bókaðar í fundargerðabók félagsins.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Staðfesting ársreiknings 2009.
3. Breytingar á samþykktum félagsins.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning endurskoðanda eða skoðunarmanns.
6. Ráðstöfun á hagnaði/tapi, greiðslu á arði og framlög í varasjóð.
7. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
8. Önnur mál löglega fram borin.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar.

Skýrsla stjórnar lögð fram og samþykkt.

2. Staðfesting ársreiknings 2009.

Hagnaður ársins var kr.170.548.074,- og niðurstaða efnahagsreiknings kr.475.779.188,- Engar umræður fóru fram um ársreikninginn og var hann staðfestur.

3. Breytingar á samþykktum félagsins.

Stjórn félagsins leggur til eftirfarandi breytingar á 1 gr. samþykta félagsins sem felst í breytingu á heimilifangi félagsins.

Tillagan:

Heimili félagsins er að Skógarbraut 946, 235 Reykjanesbæ.

Stjórn félagsins leggur til eftirfarandi breytingar á 16 gr. samþykta félagsins sem felst í fjölgun stjórnarmanna.

Tillagan:

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og fjórum til vara. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskrift þriggja stjórnarmanna skuldbindur félagið. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Breytingarnar samþykktar og nýjar samþykktir undirritaðar fyrir hönd hlutahafa.

4. Kosning stjórnar skv. breyttum samþykktum félagsins.

Eftirtaldir aðilar voru kjörnir í stjórn félagsins:

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson kt. 240650-4019, Tjarnarbóli 8, Seltjarnarnesi,

Inga Sólmes kt. 110451-4319, Sólvallagötu 7a, 101 Reykjavík,

Reynir Ólafsson kt. 080648-4569, Heiðarbakka 1, 230 Reykjanesbæ,

Árni Sigfússon kt. 300756-5309, Kópubraut 34, 260 Reykjanesbæ,

Berglind Kristinsdóttir kt. 111069-3369, Ásgarði 9, 230 Reykjanesbæ.

Til vara voru kjörnir:

Gunnar Marel Eggertsson kt. 111154-4659, Mávabrut 8d, 230 Reykjanesbæ,

Sveindís Valdimarsdóttir kt. 140258-6289, Hólmgarði 2a, 230 Reykjanesbæ

Ásmundur Friðriksson, kt. 210156-4459, Ósbraut 7, 250 Garður,

Magnea Guðmundsdóttir, kt. 190469-5499, Hólmgarður 2a, Reykjanesbæ.

5. Kosning endurskoðunarfélags.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun fyrir félagið sbr. 2. mgr. 19. gr. samþykktu félagsins.

6. Ráðstöfun á hagnaði/tapi, greiðslu á arði og framlög í varasjóð.

Tillaga var um að greiða hvorki arð né nein framlög í varasjóð og að hagnaður ársins yrði fluttur til næsta árs. Það var samþykkt.

7. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Ákveðið er fyrir starfsárið 2009 að laun formanns verði kr. 270.000,- á mánuði, laun annarra stjórnarmanna kr. 135.000,- á mánuði og laun varamanna kr. 40.500,- fyrir hvern fund.

Var þessi ákvörðun staðfest fyrir starfsárið 2010.

8. Önnur mál löglega fram borin.

Félaginu bárust engin málefni til umræðu undir þessum lið.

Engin önnur mál voru tekin fyrir. Fundi var slitið kl. 12:30.

Anna Steinunn Jónasdóttir, fundarritari.

